

Foreldrafélag Naustaskóla – stjórnarfundur 20. október 2014

Mættar voru: Vaka, Áshildur, Claudia, Martha Lilja, Fanney, Sólveig, Sigrún, Erla Rán og Sigríður.

Í upphafi fundar er farið yfir hvort við höfum orðið varar við að bekkjarkvöld hafi verið haldin. Í ljós kom að svo er ekki og aðeins 1. bekkur sé kominn af stað. Viljum áréttta mikilvægi þess að þeir foreldrar sem settir voru til að húa þessu saman drífi í því.

Vaka sagði frá skólaráðsfundi og þeim umræðum sem þar fóru fram.

Í framhaldi af því komu upp umræður um að æskilegt sé að foreldrar séu upplýstir ef kennari fer í fyrirfram ákveðið frí, fái upplýsingar um það frá skólanum og hvernig það virkar inni teymunum ef það vantar kennara, hvort þá séu færri til staðar eða er komið inn með forfalla kennara?

Umræða einnig um forfallakennslu og kostnað, hvort hægt sé og hljóti það ekki að vera hagkvæmara að ráða inn kennara sem er fastur starfsmaður skólans sem kemur til vinnu kl.8 á morgnanna, heldur en að kalla til kennara utan úr bæ?

Tókum smá umræðu um foreldra viðtölin og voru flestar á því að þetta fyrirkomulag væri nokkuð gott bæði hvað varða tímalengd og fyrirkomulag en þetta er eflaust aðeins mismunandi eftir kennurum. En vorum líka sammála um að aðgengi að kennurum væri mjög gott þannig að ef það væri eitthvað sem fólk vildi vita þá gæti það sett sig í samband við skólann.

Framkvæmd við árshátíð og skipulag rætt. Finnst okkur að nóg sé, að matur fylgi árshátíð fyrir 10. bekkina en 8. og 9. komi svo á ballið, enda þótti mörgum í fyrra þetta vera alltof mikið og dýrt. Einnig að ræða það að vera ekki að kaupa dýrar hljómsveitir og hvort ekki sé sniðugra að fá DJ. og geta þá stillt kostnaði í hof. Claudia og Martha taka þetta upp hjá Samtaka og ræða um hvort ekki sé sniðugt að skólarnir móti stefnu saman varðandi böllin.

Einnig rætt þetta með að foreldrarnir 10. bekkina verði virkari í vinnu í tengslum viðburði tengda fjárflyun í skólanum og einnig foreldrar barna í 6. og 7. verði virkari í söfnun fyrir Reykjaferð.

Að lokum var síðan lauslega rædd, þátttaka skólans í Skólahreysti. Skipuleggjendur eru farnir að taka 30.000 krona gjald á hvern skóla sem tekur þátt, verða ekki stjórnendur að meta áhuga nemenda fyrir þáttöku?

Ákváðum að fá Vöndu Sigurgeirsdóttur sem fyrirlesara í skólann hún er með nokkur efni sem hún talar um en ekki endanlega ákveðið hvað við fáum hana til að ræða um. ;-)) þetta mun vera ca 21. nóv.

Í lokin var svo tekin umræða um afmælisboð og mikilvægi þess að foreldrar séu meðvitaðir þegar ákveðið er hverjum skal boðið, því alltaf virðist sem einhverjir verði útundan og fái ekki og jafnvel aldrei boð. Allavega hljótum við öll að vera sammála um að það er óásættanlegt.